

Mímir-símenntun er með gæðavottun EQM+ ([European Quality Mark](#)) sem er vottun fyrir fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu og fræðsludeildir fyrirtækja og stofnana. Gæðavottunin felur í sér viðurkennd gæðaviðmið fyrir fræðslu, ráðgjöf um nám og störf og raunfærnimat.

Mímir hefur markað sér stefnu með innleiðingu EQM+ gæðakerfisins varðandi þá þjónustu sem skólinn veitir. Þá nýtir Mímir sér ferlisnálgun ISO 9001 gæðastaðalsins. Gæðahandbók þessi endurspeglar starfsemina og sýnir fram á virkni gæðastjórnunarkerfisins. Með gæðastefnu sinni tryggir Mímir stöðuga þróun og umbætur í starfsemi fyrirtækisins í samræmi við PDCA-hringinn, þ.e:

Skipuleggja (e. Plan): Setja fram markmið fyrir kerfið og ferli þess, og þær auðlindir sem nauðsynlegar eru til þess að skila niðurstöðum sem samræmast kröfum viðskiptavina og stefnu Mímis og bera kennsl á og takast á við áhættu og tækifæri.

Gera (e. Do): Innleiða það sem skipulagt var.

Gáta (e. Check): Vakta og (þar sem við á) mæla ferli svo og vörur og þjónustu sem af þeim leiða með samanburði við stefnur, markmið, kröfur og skipulagða starfsemi og gefa skýrslu um niðurstöður.

Aðhafast (e. Act): Grípa til aðgerða til að bæta frammistöðu eftir því sem nauðsyn krefur.

Gæðavinnan miðar að því að bæta stöðugt verkferla í því skyni að draga úrsóun og tryggja samræmi.

Markmið gæðastefnu Mímis eru:

- Að veita viðskiptavinum góða og faglega þjónustu sem samræmist ákvæði laga um framhaldsfræðslu og viðurkenningu fræðsluaðila framhaldsfræðslu.
- Að minnst 85% nemenda séu ánægð með þjónustu, kennslu og aðbúnað.
- Að gæta að hagkvæmni í rekstri og skila með því hámarksþjónustu fyrir markhópin með þá tekjustofna sem standa undir starfseminni.
- Að tryggja starfsfólki hvetjandi starfsumhverfi og viðhalda og efla fagþekkingu þess.
- Að tryggja vandað val á aðilum til kennslu fyrir fullorðið fólk og veita þeim gott utanumhald sem og viðhalda og efla fagþekkingu þeirra.
- Að skapa skilvirkt, ábyrgt og traust vinnuumhverfi þar sem gæði eru í forgangi.

Mímir starfar undir gildunum framsækni, fagmennska og samvinna.



Skipulag gæðastarfs

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á gæðastefnu fyrirtækisins og skipar gæðateymi sem hefur yfirumsjón með gæðastarfi. Gæðateymi ákveður umfang gæðastjórnunarkerfisins og ber ábyrgð á útgáfu á verklagsreglum og öðrum gæðaskjölum. Gæðastjóri ber ábyrgð á því að verklagsreglur og önnur skjöl séu uppfærð, þeim sé viðhaldið og að unnið sé samkvæmt þeim. Þá ber hann ábyrgð á að starfsmenn fái reglulega þjálfun og fræðslu til að tryggja að þeir séu meðvitaðir um gæðakröfur og verklag og séu upplýstir um breytingar jafn óðum og þær verða. Starfsmenn Mímis taka þátt í að útbúa verklagsreglur sem tengjast starfssviði þeirra.